



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UNGSVEIT SÍ 2013

6. október 2013





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Karnival í Róm: 9'00''

Sellókkonsert: 30'00''

Hafið: 24'00''

Aðalstyrktaraðili:



GAMMA

UNGSVEIT SÍ 2013

Sun. 6. október » 13:00

Petri Sakari hljómsveitarstjóri
Sæunn Þorsteinsdóttir einleikari

Hector Berlioz

Karnival í Róm, op. 9 (1843)

Edward Elgar

Sellókonsert í e-moll, op. 85 (1919)

Adagio – Moderato

Lento – Allegro molto

Adagio

Allegro – Moderato – Allegro, ma non troppo

Hlé

Claude Debussy

La mer (Hafið, 1903–05)

De l'aube à midi sur la mer

Jeux de vagues

Dialogue du vent et de la mer

Petri Sakari

hljómsveitarstjóri



Finnski hljómsveitarstjórinn Petri Sakari er fæddur í Helsinki og er einn þeirra stjórnenda sem átt hafa hvað farsælast samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands undanfarna áratugi. Sakari hóf fiðlunám átta ára gamall og innritaðist ári síðar til náms við tónlistarháskólann í Tampere þar sem hann nam einnig píanó- og óbóleik. Sextán ára hóf hann nám í hljómsveitarstjórn og hlaut síðar inngöngu í Sibeliusarakademíuna í Helsinki, þar sem kennari hans var Jorma Panula. Að loknu námi þar sótti hann námskeið hjá Murray Sidlin í Aspen í Bandaríkjunum, Franco Ferrera í Siena á Ítalíu og Rafael Kubelik í Luzern í Sviss.

Sakari hóf hljómsveitarstjóraferil sinn aðeins sautján ára að aldri. Á námsárum sínum stýrði hann meðal annars Sinfóníuhljómsveit Tampere-tónlistarháskólans og óperusýningum í Sibeliusarakademíunni. Frá árinu 1983 hefur hann stjórnað öllum helstu hljómsveitum Finnlands, svo sem Finnsku útvarpshljómsveitinni og Lahti-sinfóníunni. Árið 1988 tók Sakari við aðalhljómsveitarstjórastöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegndi henni til 1993 og síðan aftur á árunum 1996 til 1998, en í millitíðinni var hann aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar.

Sakari hefur starfað með mörgum sinfóníuhljómsveitum í Evrópu eins og útvarpshljómsveitunum í Vín, Stuttgart, Saarbrücken og Madríd, Fílharmoníusveit BBC í Manchester, Þjóðarhljómsveitinni í Wales, Sinfóníuhljómsveit Prag og fílharmoníuhljómsveitunum í Lúxemborg og Strassborg. Sakari hefur einnig haldið um tónsprotann í Tókýó, Singapore, Mexíkóborg og São Paulo.

Samstarf Sakaris og Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur verið einstaklega farsælt og bera fjölmargir geisladiskar Chandos og Naxos útgáfu fyrirtækjanna því gott vitni. Sakari hefur einnig starfað sem aðalgestastjórnandi Sænsku kammersveitarinnar og verið aðalstjórnandi Lohjasinfóníunnar í Finnlandi, Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gävle í Svíþjóð og síðast Fílharmoníuhljómsveitarinnar í Turku í Finnlandi.

Sæunn Þorsteinsdóttir

einleikari



Sæunn Þorsteinsdóttir er fædd í Reykjavík árið 1984. Hún hóf tónlistarnám fjögurra ára við forskóla Tónlistarskólans á Akureyri en árið eftir sellónám hjá Hauki Haraldssyni í Reykjavík. Sjö ára fluttist hún til Bandaríkjanna og hefur búið þar að mestu síðan, en lærði einnig um skeið hjá Stefáni Erni Arnarsyni við Tónlistarskóla Akureyrar. Árið 2006 útskrifaðist hún með bakkalár-gráðu frá Cleveland Institute of Music með hæstu einkunn og lagði í framhaldinu stund á meistaranám við Juilliard-tónlistarháskólann í New York. Hún útskrifaðist þaðan árið 2008. Aðalkennarar hennar voru Richard Aaron, Tanya Carey og Joel Krosnick.

Sæunn er búsett í New York og hefur komið fram víða í Bandaríkjunum og Evrópu, bæði sem einleikari og í kammer-tónlist, meðal annars með Itzhak Perlman, Kim Kashkashian, Mitsuko Uchida, Cavani-kvartettinum sem og meðlimum Guarneri-kvartettsins. Þá var Sæunn meðlimur Ensemble ACJW sem er samvinnuverkefni Carnegie Hall, Juilliard-tónlistarháskólans og Weill-stofnunarinnar með stuðningi menntasviðs New York-borgar. Hún hefur einnig margsinnis komið fram á tónlistarhátíðinni Við Djúpið á Ísafirði.

Þá hefur Sæunn komið víða fram sem einleikari, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Great Lakes Chamber Orchestra og Des Moines Symphony. Sæunn hefur lagt áherslu á útbreiðslu og kynningu klassískrar tónlistar m.a. á vegum Carnegie Hall og með ACJW. Hún hefur frumflutt fjölda verka og eru mörg þeirra sérstaklega samin fyrir hana, þar á meðal margverðlaunað verk Daníels Bjarnasonar, *Bow to String*. Það verk lék hún í fyrra með Fílharmóníuhljómsveitinni í Los Angeles undir stjórn bandaríska tónskáldsins John Adams og hlaut mikið lof fyrir frammistöðu sína.

Sæunn hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, m.a. Zara Nelsova-verðlaunin í Naumburg-keppninni í New York árið 2008. Hún hefur hljóðritað sellósvítur eftir Benjamin Britten fyrir Centaur Records. Á döfnni eru tónleikar með Sinfóníuhljómsveitinni í Toronto auk þess sem hún hefur verið skipuð staðarlistamaður við Sonoma State University í Kaliforníu og tekur við stöðu sellista í Manhattan-píanótríóinu.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Stofnuð 2009

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur vakið verðskuldaða athygli en Ungsveitin var tilnefnd sem Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2011 í flokki sígildrar-/samtímatónlistar og djass. Ár hvert, undanfarin fjögur ár, hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins tekið þátt í Ungsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitarinnar og náð undraverðum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfæraleikara og hljómsveitarstjóra. Í ár nutu nemendur Ungsveitarinnar einnig fagþekkingar Sæunnar Þorsteinsdóttur, sellóleikara, sem hélt fyrirlestur fyrir Ungsveitar meðlimi um starf sitt með ungu fólki í New York.

Markmið Sinfóníuhljómsveitarinnar með hljómsveitarskóla Ungsveitarinnar er að gefa tónlistarnemendum innsýn og vettvang til að kynnast hinum sífóníska heimi af eigin raun og njóta þjálfunar og leiðsagnar í hljómsveitarleik eins og um atvinnumennsku væri að ræða. Hljóðfæraleikarar Ungsveitarinnar þurfa að standast prufuspil sem líkir eftir raunaðstæðum prufuspila hjá Sinfóníuhljómsveitinni. Í Ungsveitinni eru gerðar strangar kröfur um fagmannlega frammistöðu enda hafa tónleikar Ungsveitarinnar vakið mikla eftirtekt fyrir samstilltan flutning og magnaða túlkun.

Hljómsveitin í ár er skipuð 80 hljóðfæraleikurum sem valdir voru úr stórum hópi ungmenna sem léku um sæti í sveitinni með prufuspili. Þetta eru fimmtu tónleikar Ungsveitarinnar en áður hefur sveitin leikið 5. sífóníu Sjostakovitsj og sífóníu nr. 4 eftir Tsjaikovskíj undir stjórn Rumons Gamba, sífóníu nr. 5 eftir Mahler og *Pláneturnar* eftir Holst undir stjórn Brönnimanns.

Næsta verkefni Ungsveitarinnar verður meðal annars *Myndir á sýningu* eftir Músorgskíj undir stjórn Petris Sakari og verða prufuspil haldin í lok maímánaðar 2014.

Hector Berlioz

Karnival í Róm, op. 9 (1843)



Tónlistin á Íslandi

Karnival í Róm hefur hljómað nokkuð reglulega á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 1962 þegar það var flutt undir stjórn Williams Strickland. Síðan hafa m.a. haldið um tónsprotann þeir Proinnsias O'Duinn (1972), Jean-Pierre Jacquillat (1977 og 1982), Arthur Weisberg (1987), Iván Fischer (1991) og Rico Saccani (1994).


París var miðstöð tónlistarlífs í Evrópu um 1830, sannkallaður suðupottur þar sem tvær menningarstofnanir stóðu upp úr, óperan og konservatorið eða tónlistarháskólinn. Allt fram á 20. öldina var hann íhaldssöm stofnun og átti ekki alltaf vel við frumlega tónsmíðanema sem voru fundvísir á nýjar leiðir. Einn þeirra var Hector Berlioz (1803–1869) sem var fremstur meðal franskra tónskálda sinnar kynslóðar. Hann var læknissonur og skráðist sjálfur í læknadeild í París en varði þó megninu af tíma sínum á bókasafni tónlistarháskólans. Hann var vel ritfær og átti sameiginlegt með Schumann að vera stærstan hluta ferils síns betur þekktur sem gagnrýnandi en tónskáld.

Berlioz byrjaði fremur seint að læra tónlist og var að mestu sjálfnuma í grunnatriðum tónlistarinnar þar til hann skróaði sig í hljóðfæranám 1826. Hljóðfæraleikur var ekki hans sterka hlið. Hann var slarkfær á flautu og gítar en rétt eins og Richard Wagner kunnir hann ekkert á píanó. Sagt hefur verið að hljómsveitin hafi verið eina hljóðfærið sem Berlioz kunnir að leika á, en það gerði hann líka svo eftir var tekið. Berlioz var að vissu leyti faðir útsetningartækni í nútímaskilningi og uppgötvaði ýmsa liti sem engum hafði komið til hugar að ein sífóníuhljómsveit gæti framkallað. Hann skrifaði kennslubók í hljómsveitarútsetningu sem var fyrsta lykilverk sinnar tegundar og er enn notuð í uppfærðri útgáfu Richards Strauss.

Berlioz samdi fjórar óperur og þótt þær hljómi sjaldan nú til dags bera þær vitni um ótvíræðan metnað hans á því sviði. Viðamest þeirra er *Les Troyens* („Trójumennirnir“, 1856–58) en hún tekur heila fimm tíma í flutningi og var sjaldan færð upp fyrr en á seinni hluta 20. aldar. Önnur ópera hans er *Benvenuto Cellini*, um samnefndan listamann sem uppi var á Ítalíu á 16. öld. Sú var frumflutt í Parísaróperunni 1838 en Berlioz bætti um betur og samdi fimm árum síðar sjálfstæðan hljómsveitarforleik um stef úr óperunni, sem einmitt gerist á öskudag þegar kjötkveðjuhátíðin í Róm stendur sem hæst. Eins og búast má við í verki eftir Berlioz fær hljómsveitin næg tækifæri til að sýna færni sína í ótal litbrigðum. Fyrst hljóma ljóðrænar sólóstrófur englahorns en síðan færirst fjör í forleikinn sem endar með bráðfjörugum *saltarello*-dansi.

Edward Elgar

Sellókonsert



Edward Elgar (1857–1934) var helsta tónskáld síðrómantíska tímans á Bretlandi og tónlist hans hefur fyrir löngu fest rætur í enskri þjóðarsál. Að undanskildu fiðlunámi í æsku var Elgar sjálfmenntaður í músík en faðir hans rak nótnabúð og tónlist var hluti af daglegu umhverfi piltsins allt frá fæðingu. Elgar leit alla tíð á sig sem utangarðsmann; hann var kaþólskur, af efnalitlu fólki, og jafnvel eftir að hann var orðinn þjóðhetja í Bretlandi átti hann það til að þjást af nístandi minnimáttarkennd. Hin víðfrægu *Enigma-tilbrigði* fyrir hljómsveit þeyttu honum upp á stjórnheimin tónlistarinnar árið 1899 og ári síðar innsiglaði hann orðspor sitt með óratóriunni *Draumur Gerontíusar*. Í kjölfarið fylgdu tvær sínfóniur, fiðlu- og sellókonsert, fleiri óratóriur og fjöldi annarra meistaraverka.

Fyrri heimsstyrjöldin fékk mjög á Elgar og um skeið var eins og starfsþrek hans hefði lamast. „Allt sem er gott, blítt, hreint, ferskt og sætt er svo fjarri okkur nú, – og mun aldrei snúa aftur,“ skrifaði hann árið 1917. Elgar samdi varla neitt á meðan styrjöldin geisaði og allt eru það minniháttar tónsmíðar. Það var ekki fyrir en 1918 sem hann tók aftur til við stærri form í þremur ljúfum og innilegum kammerverkum: fiðlusónötu, strengjakvartett og píanókvintett. Um svipað leyti paraði hann niður upphafsstefið að sellókonserti sínum. Þegar hann tók til við smíðarnar af alvöru var eins og fargi væri af honum létt. Fjölskylda hans undraðist breytinguna: hann vaknaði glaður í bragði við fyrsta hanagal og sat löngum stundum við tónsmíðar og útsetningu hins nýja verks. Í júlí 1919 kvaðst hann næstum vera tilbúinn með sellókonsert, „stórt verk og, að ég held, bæði gott og fullt af lífi“. Þegar Elgar lauk við konsertinn hefur hann varla grunað að hann yrði sín síðasta stóra tónsmíð. Ári síðar lést Alice, eiginkona tónskáldsins, og eftir það missti hann alfarið löngunina til að semja tónlist. Þess í stað hljóðritaði Elgar fjölmörg verka sinna fyrir EMI-hljómplötufrirtækið, m.a. sellókonsertinn með Beatrice Harrison 1928 og fiðlukonsertinn með 16 ára gömlu undrabarni að nafni Yehudi Menuhin árið 1932.

Tónlistin á Íslandi

Sellókonsert Elgars hefur hljómað alloft á tónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands. Meðal einleikara hafa verið þeir Erling Blöndal Bengtsson (1973), Ralph Kirshbaum (1988) og Julian Lloyd Webber (1998), en síðast hljómaði verkið í tvígang árið 2006, í flutningi Guðnýjar Jónasdóttur og skömmu síðar leikið af Bryndísi Höllu Gylfadóttur.

Sellókoncertinn er magnþrungin tónsmíð, full ástríðu og trega. Hér er eins og Elgar líti um öxl og minnst þess sem áður var. Verkið hefst á tignarlegu eintali einleikarans, sem minnir helst á dramatískt „resítatív“ án orða og snýr aftur á lykilstöðum í verkinu. Lágfiðlur taka við þar sem sellistinn lætur staðar numið og kynna til sögunnar stef sem er blíðlegt og ljúft við fyrstu heyrn, en þegar tónlistin nær hápunkti undir lok þáttarins hefur það gjörbreytt um svip og er bæði völdugt og dramatískt. Annar þáttur er scherzó með síendurteknum sellótónum við lipran undirleik hljómsveitarinnar.

Hægi kaflinn er að vissu leyti tilfinningalegur kjarni verksins. Elgar notast hér við afar fjarskylda tóntegund – B-dúr – sem gerir að verkum að kaflinn er eins og staðsettur til hliðar við hina þættina, draumsýn sem leysist upp að lokum. Hér er ekkert blásið út að óþörfu; tónarnir eru fáir og sjaldan sterkir, en segja allt sem segja þarf. Lokakaflinn virðist við fyrstu heyrn vera einfalt rondó en Elgar bregður út afvenju með því að kynna hægt og ábúðarfullt stef til sögunnar undir lokin. Eftir mikilfenglegan hápunkt heyrum við örstutta endurminningu um hæga kaflann. Því næst snýr upphafsstrófan aftur og þaðan kastar Elgar sér í mikilfenglegt niðurlagið.

Claude Debussy

La mer



Tónlistin á Íslandi

La mer hefur sex sinnum heyrst á tónleikum SÍ. Það var fyrst leikið undir stjórn George Cleve árið 1971 en síðan hafa mundað sprotann þeir Jean-Pierre Jacquillat (1980), Petri Sakari (1989), Osmo Vänska (1995), Rumon Gamba (2002) og James Gaffigan (2008).

Það lá ávallt vel fyrir impressjónistum meðal tónskálda að túlka vatn í ýmsum myndum. Málverkið sem varð til þess að málaranum Claude Monet var gefið viðurnefnið *impressioniste* – í neikvæðri merkingu – var einmitt vatnsstemning, *Soleil levant*, þar sem tveir bátar sjást vagga í höfninni í Le Havre með rísandi sól í bakgrunni. Maurice Ravel samdi píanóstykkið *Jeux d'eau* (Gosbrunnar) og í *Gaspard de la nuit* lýsti hann vatnadísinni Ondine sem syndir um heimsins höf og heillar menn með dulúðlegum sírenusöng sínum. Claude Debussy (1862–1918) túlkaði Ondine sömuleiðis í píanóprelúdíu sinni með sama nafni, og sírenukaflinn í *Næturljóðum* fyrir hljómsveit var fyrsta tilraun hans til að færa nið sjávarins í sinfónískan búning.

Debussy hóf að semja *La mer* 1903, árið eftir að hann lauk við óperu sína *Pelleas og Mélisande*. Hann samdi upphafskafllann í sumarleyfi í Búrgúnd, fjarri ströndum og hafi, en komst svo að orði í bréfi til André Messager: „Ég á ótal minningar um hafið og þær eru að mínu viti meira virði en raunveruleikinn sem á það til að leggja of þungar byrðar á ímyndunaraflid.“ Í huga Debussys byggði verkið á minningunni um hafið frekar en raunverulegri reynslu og honum þótti gagnrýnandinn Pierre Lalo hafa misskilið sig fullkomlega þegar hann ritaði í blaðadómi 1905 að hann hefði hvorki „séd né fundið lyktina af hafinu“ í tónlistinni. Því fór fjarri að Debussy hefði ætlað að semja nákvæma eftirlíkingu heldur vildi hann ná fram stemningunni sem bjó þar að baki – eins og sönnum impressjónista sæmdi.

La mer er hið mikilfenglegasta af hljómsveitarverkum Debussys, og það eina þar sem hann fylgir hefðbundnum tónlistarformum. Undirtitillinn er „Þrjár sinfónískar skissur“ og segja má að hann hafi aldrei komist nær því en hér að semja eiginlega sinfóníu. Frumflutningurinn 1905 þótti takast illa og bæði flytjendur og áheyrendur létu sér fátt um finnast. Þó leið ekki á löngu þar til verkið var viðurkennt sem eitt mesta

hljómsveitarverk sinnar tíðar. Í ævisögu rússneska píanistans Svjatoslavs Richter er vitnað í orð hans þegar hann hafði hlýtt á eftirlætishljóðritun sína af verkinu undir stjórn Rogers Désormière: „*La mer* enn á ný, ég þreytist aldrei á að heyra það, að hugleiða það og anda að mér stemningu þess. Og hvert skipti er eins og í fyrsta sinn! Ráðgáta, kraftaverk, einskærir töfrar!“

Fyrsti þáttur verksins ber yfirskriftina *Frá dögum til hádegis við hafíð* og hefst á veikum og blíðum sjávarniði. Óbóið leikur einfalt stef; englahorn og trompet taka við með lengri hendingu. Þessar tvær línur eru uppistaða þess sem gerist í öllum þremur þáttunum, og þannig fléttar Debussy saman ólíka þræði verksins á einkar snjallan hátt. Öldugangurinn verður ákafari en síðan lygnir á ný þótt Debussy gefi í skyn í glæsilegum lokatöktunum hvílikum ógnarkrafti úthöfin búa yfir.

Annar kafli, *Ölduleikur*, er hraðasti og flóknasti þáttur verksins. Í stað þess að dvelja við stefin kastar Debussy þeim frá sér hverju á eftir öðru. Loftkennd og dulúðleg hljómsveitarútsetningin á stóran þátt í áhrifunum og tónlistin gufar hreinlega upp að endingu. Það er ekki fyrr en í lokabættinum, sem ber yfirskriftina *Samtal vindsins og hafsins*, sem kraftar hafsins koma berlega í ljós. Stefin byggja á þeim úr fyrsta kafla, og Debussy táknar vindinn með löngu og breiðu stafi sem hljómar á móti flæðandi öldugangi strengjanna. Að lokum magnar Debussy upp stórkostlega orku sem fleygir okkur í átt að síðasta taktstrikinu.

Árni Heimir Ingólfsson

Á döfinni

Sinfónían á Airwaves

Ólafur Arnalds og Elfa Rún

Fim. 31. okt. » 19:00



Árstíðir Vivaldis í endurgerð Max Richter voru frumfluttar í London í lok október síðastliðnum undir stjórn André de Ridder og hljóðritun í útgáfu Deutsche Grammophone rauk strax upp í efsta sæti á vinsældarlistum í Bretlandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Einleikarinn Elfa Rún Kristinsdóttir hefur vakið athygli og aðdáun víða um heim fyrir glæsilegan leik og túlkun og sigraði hún meðal annars í alþjóðlegu Bachkeppninni í Leipzig.

André de Ridder er meðal áhugaverðustu og fjölhæfustu hljómsveitarstjórum samtímans. Hann er þekktur fyrir dirfsku í verkefnavali og samvinnu tónlistarfólks úr ólíkum geirum. Hann hefur stjórnað þekktum hljómsveitum bæði austan hafs og vestan og í mars á þessu ári stjórnaði Ridder tónlist Ólafs Arnalds í Barbicantónlistarmiðstöðinni í Lundúnum.



Á þessum tónleikum munu leiðir Ólafs Arnalds og Sinfóníu-hljómsveitar Íslands liggja saman í fyrsta sinn. Hróður Ólafs hefur vaxið jafnt og þétt frá því hann gaf út fyrstu plötuna sína árið 2007. Verkið *For Now I Am Winter* er áræðnara og afdráttarlausara en fyrri verk tónskáldsins og ber ótvírætt vitni um mikla þróun í tónsmíðum hans. Aðeins takamarkaður fjöldi miða verður seldur í lausasölu en þeir sem kaupa sig inn á Airwaves hátíðina fá ókeypis aðgang.

Max Richter Árstíðirnar fjórar
Ólafur Arnalds For now I am winter

André de Ridder hljómsveitarstjóri
Elfa Rún Kristinsdóttir einleikari
Ólafur Arnalds
Arnór Dan Arnarson

Á döfinni

Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands



Fim. 28. nóv. » 20:00

Fös. 29. nóv. » 20:00

Lau. 30. nóv. » 17:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands og hljómsveitin Skálmöld sameina krafta sína á tónleikum í Eldborg. Skálmöld hefur vakið mikla athygli á undanförunum árum fyrir kraftmikla tónlist og líflega sviðsframkomu. Þá hafa kjarnmiklir textar hljómsveitarinnar átt sinn þátt í að skapa henni breiðan aðdáendahóp.

Tónlist Skálmaldar er þungarokk með þjóðlaga- og víkinga-áhrifum og verður magnað að sjá þessar tvær kraftmiklu hljómsveitir sameinast á sviði. Á efnisskránni verður meðal annars tónlist af plötum Skálmaldar, Baldri og Börnum Loka.

Tónskáldið Haraldur V. Sveinbjörnsson færir víkingaskotinn þungmálm Skálmaldar í símfónískan búning. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur á undanförunum árum boðið hljómsveitum og listamönnum úr ólíkum áttum til samstarfs við sig. Afrakstur þessa samstarfs eru margir eftirminnilegir tónleikar.

Hljómsveitarstjórinn Bernharður Wilkinson hefur starfað með hljómsveitinni í hartnær fjóra áratugi og stjórnað mörgum af vinsælustu tónleikum hennar.

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Á döfinni

Ungir einleikarar

Fim. 16. jan. » 19:30

Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur að í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja, og fá þeir hlutskörpustu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu. Hver einleikari flytur hálf tíma dagskrá með verkum af ólíkum toga en dómnefnd keppinnar skipar tónlistarfólk í fremstu röð.

Vinningshafar keppinnar vekja verðskuldaða athygli og mikil eftirvænting ríkir yfir þeim krafti sem býr í unga tónlistarfólkinu okkar.

Sinfóníuhljómsveitin og Listaháskóli Íslands leiða saman hesta sína og styðja við okkar efnilegasta tónlistarfólk á leið þess inn í heim atvinnumennskunnar. Á sama tíma fá áheyrendur tækifæri til að fylgjast með þroska og framförum þessa unga listafólks.

Einleikarakeppni SÍ og LHÍ fór fram í Tónleikasal LHÍ Sölvhóli, sunnudaginn 29. september 2013. Sigurvegarar keppinnar í ár eru: Baldvin Ingvar Tryggvason klarínutuleikari, Björg Brjánsdóttir flautuleikari, Björk Nielsdóttir ein-söngvari og Rannveig Marta Sarc fiðluleikari.

Dagskrá kynnt síðar.

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Sigurvegarar úr einleikarakeppni SÍ og LHÍ

Hljómsveit á tónleikum

6. október 2013

1. FIÐLA

Hekla Finnsdóttir
Pétur Björnsson
Hjalti Nordal Gunnarsson
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Sólveig Vaka Eyþórsdóttir
Skúli Guðmundsson
Pétur Úlfarsson
Alma Katrín Einarsdóttir
Hafsteinn Guðmundsson
Steinunn Arinbjarnardóttir
Júnía Lín Jónsdóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Irena Sylva Roe
Vilborg Magnúsdóttir

2. FIÐLA

Stefanía Gunnarsdóttir
Fídel Atli Gasparsson
Maksymilian Haraldur Frach
Jóhann Örn Thorarensen
Margrét Andrésdóttir
Kolfinna Þöll Þórðardóttir
Johanna Brynja Ruminy
Sigríður Björg Helgadóttir
Agnes Eyja Gunnarsdóttir
María Emília Garðarsdóttir

VÍÓLA

Anna Elisabet Sigurðardóttir
Ásta Kristín Pjetursdóttir
Steina Kristín Ingólfsdóttir
Embla Þorfinnsdóttir
Stefanía Bergljót Stefánsdóttir
Elísa Elíasdóttir

SELLÓ

Steiney Sigurðardóttir
Hjörtur Páll Eggertsson
Sigríður Kristjana Ingimarsdóttir
Kristín Edda Frimannsdóttir
Sverrir Arnórsson
Laufey Lín Jónsdóttir
Sóley María Nótt Hafþórsdóttir
Heiður Lára Bjarnadóttir
Camille Bernard

BASSI

Bára Gísladóttir
Aron Jónsson

FLAUTA

Sigríður Hjördís Indriðadóttir
Helga Svala Sigurðardóttir
Edda Lárusdóttir
Helen Xinwei Chen
Sólveig Magnúsdóttir

ÓBÓ

Gillian Hawarth
Anna Katharina Heiniger
Guðrún Másdóttir

KLARÍNETT

Auður Edda Erlendsdóttir
Stefán Ólafur Ólafsson
Kristín Þóra Pétursdóttir
Sólveig Morávek

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Þórður Magnús Tryggvason
Bergrún Lilja Jónsdóttir
Arna Marín Thorarensen

HORN

Guðmundur Andri Ólafsson
Erna Ómarsdóttir
Helga Lára Guðmundsdóttir
Helga Mikaelesdóttir
Bjarki Gunnarsson

TROMPET

Elísa Guðmarsdóttir
Sóley Björk Einarsdóttir
Daníel Jakobsson
Ingibjörg Ragneiður Linnet
Svanhildur Tekla Bryngeirsdóttir

BÁSÚNA

Harpa Jóhannsdóttir
Thorsten Roloff
Jón Arnar Einarsson

TÚBA

Egill Fabien Posocco

HARPA

Katie Buckley
Monika Abendroth

PÁKUR

Emil Þorri Emilsson
Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir
Helgi Þorleiksson

SLAGVERK

Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir
Emil Þorri Emilsson
Helgi Þorleiksson
Eva Kolbrún Kolbeins

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grimsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen, nátna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri.

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri
Una Eyþórsdóttir mannaútsjóri
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómveitarstjóri og listrænn stjórnandi

Sinfónían á Iceland Airwaves

Ólafur Arnalds og Elfa Rún

Fim. 31. okt. » 19:00

Max Richter *Árstíðirnar fjórar*
Ólafur Arnalds *For Now I am Winter*

André de Ridder hljómsveitarstjóri

Elfa Rún Kristinsdóttir einleikari
Ólafur Arnalds
Arnór Dan Arnarson

Endurgerð Max Richters á
Árstíðunum fjórum hefur notið
gífurlegra vinsælda eftir frum-
flutning hennar fyrir ári síðan.
Einnig verður spennandi að hlýða
á samvinnu Sinfóníunnar og Ólafs
Arnalds í nýju verki Ólafs.

ICELAND AIRWAVES 13
FOUNDED SPONSOR ICELAND



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS